

Miðvikudaginn 23. apríl 1947.

Nr. 51/1946. **Réttvísín** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

**Einari Birni Sigvaldasyni og Lárusi Sigurvin Þorsteinssyni** (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Landráð.

### Dómur hæstaréttar.

Bandaríki Norður-Ameríku fóru samkvæmt samningi frá 10. júlí 1941 með hverrend Íslands á þeim tíma, þegar ákærðu játuðust undir að fremja njósnir á Íslandi. Á þessum tíma höfðu Bandaríkin gerzt styrjaldaraðili, og mátti því telja ófrið vofa yfir Íslandi, þótt það land væri ekki þátttakandi í styrjöldinni. Fræðsla, er veitt væri óvinaríki Bandaríkjana um atvik á Íslandi, er þýðingu hefðu í hernaði, miðaði þess vegna að því að veikja viðnámsþrótt íslenska ríkisins. Loforð ákærðu um að framkvæma slíkar njósnir varða því, þótt ekki kæmi til efnda þeirra, við 2. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1940 auk 93. gr. sömu laga. Högum ákærðu var þannig háttað, er þeir gáfu framangreind loforð, að þeir máttu búast við harðræðum, ef þeir synjuðu. Leiðir þetta til þess, að refsingu þeirra ber að ákveða með hliðsjón af 6. tölulíð 74. gr. laga nr. 19/1940, en hins vegar verður ekki lögð til grundvallar sú staðhæfing þeirra, að þeir hafi gefið loforðin án þess að ætla sér að efna þau, enda nutu þeir um langan tíma launa frá Þjóðverjum og voru sendir af þeim á skipi útbúnu njósnartækjum frá Noregi til Íslands.

Refsing hvors hinna ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi 14 mánuði. Samkvæmt lögjöfnun frá 76. gr. sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1940 svo og samkvæmt 76. gr. beinlínis ákveðst, að varðhaldsvist ákærðu vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi komi í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað i héraði staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

### Dómsorð:

Ákærðu, Einar Björn Sigvaldason og Lárus Sigurvin Þorsteinsson, hafa unnið til 14 mánaða fangelsis hvor, en varðhaldsvist þeirra vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi skal koma í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um svipting réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3649—50/1945: Réttvisin gegn Einari Birni Sigvaldasyni og Lárusi Sigurvin Þorsteinssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðu að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn X. kafla almennra hegningarlaga.

Það var dómtekið 17. október s. l.

Ákærðu eru Einar Björn Sigvaldason hljómsveitarstjóri, til heimilis Lindargötu 27 hér í bænum.

Hann er fæddur 10. ágúst 1916. Hann hefur sætt eftirfarandi refsingum:

1930  $\frac{1}{2}$  Réttarsátt, sekt 5 kr. fyrir lögreglubrot.

1933  $\frac{1}{2}$  Aðvörðun fyrir brot á bifreiðalögnum.

1935  $\frac{1}{4}$  Sætt, 25 kr. sekt fyrir of hraðan og ógætilegan bifreiðarakstur.

1935  $\frac{2}{10}$  Kærður fyrir umferðarslys. En ekki talin ástæða til mál-sóknar.

Lárus Sigurvin Þorsteinsson sjómaður, til heimilis Njarðargötu 29 hér í bæ. Hann er fæddur 14. apríl 1916 á Ísafirði og hefur hvorki sætt kærnum né refsingu fyrr.

Aðfaranótt mánudagsins 17. apríl 1944 tóku ákærðu land á Rauf-

arhöfn. Komu þeir hingað tveir einir frá Noregi á 20 tonna mótorbát. Baturinn fórst í ís, er var þar á höfninni, síðar um daginn. Voru þeir hingað sendir af þýzku leyniþjónustunni, svo sem síðar segir. Þeir voru þegar í stað handteknir af brezkum setuliðsmönnum á Raufárhöfn, fluttir til Englands og hafðir þar í haldi, unz þeir voru framseldir íslenzku ríkisstjórninni hinn 3. ágúst s. l., til þess að mál gegn þeim yrði rekið hér á landi.

Ákærði Einar Björn Sigvaldason hafði dvalið í Kaupmannahöfn um nokkurra ára skeið. Í janúar 1943 dvaldi hann á heimili kunningja síns í Kaupmannahöfn. Var hann þá atvinnulaus og nýskilinn við konu sína og hafði mikinn hug á að komast heim til Íslands. Þarna kom maður, er nefndi sig Hans, til að heimsækja hann og bauðst til þess að hjálpa honum að fara til Íslands. Ekki gaf hann frekari skýringar á þessu, en ympraði þó á því, að fá upplýsingar um verðlag á Íslandi og þess háttar. Ákærði ákvað að athuga þetta nánar. Varð það úr, að hann fór til Þýskalands að fyrirlagi þessa manns í þeim tilgangi að fá frekari upplýsingar þar. Þar tók á móti honum maður, er ákærði síðar fékk að vita, að væri starfsmaður þýzku leyniþjónustunnar. Hann var strax látinn fara að læra hitt og þetta, er við kom loftskýtataekni, en fékk ekki frekari upplýsingar um starf það, sem honum var ætlað að inna af höndum. Hann segir, að sér hafi nú orðið það skjótlega ljóst, að þarna var um leyniþjónustuna þýzku að ræða og honum væri ætlað að starfa fyrir hana á Íslandi. Kveðst hann hafa ráðgætt um það við félagasinn einn við námið, hvort unnt væri að losna úr þessu, en hinn taldi það ekki fært, úr því sem komið væri. Kveðst hann þá ekki hafa þorað að minnst á slíkt við þá, er fyrir þessu námi stóðu. Ákærða var skipað að ganga undir nafninu Sörensen og fékk mánadaglega lifeyri.

Um sumarið fékk ákærði fri til að fara til Kaupmannahafnar. Þar var honum sagt að setja sig í samband við meðákærða Lárus Þorsteinsson. Átti hann að biðja Lárus að finna ákveðinn mann og annað ekki. Ákærði kveðst hafa fundið Lárus og falað hann þegar í stað til þess að fara með sér til Íslands og kvað Þjóðverja mundu útvega farkost og sagði honum af þjónustu sinni hjá Þjóðverjum. Lárus sló til og réðist þegar í þetta með ákærða Einari.

Lárus Þorsteinsson var farmaður á erlendu skipi í byrjun stýrjaldarinnar. Er innrás í Noreg var gerð, var hann á sænsku skipi, er lenti í Lervik og var þar stöðvað af Þjóðverjum. Eftir það fór hann til Danmerkur og var síðan á ýmsum skipum í Danmörku og Þýskalandi. Því næst dvaldi hann um nokkurt skeið á heilsuhælum í Danmörku sakir berkla, en fór þá að stunda nám á loftskýta-skóla í Kaupmannahöfn og var við það nám, er Einar hitti hann.

Lárus hefur skýrt frá því, að er þeir Einar hittust, hafi þeir drukkið sig kennda, og kveðst hann þá hafa haft orð á því við

Einar, að hann gæti komið honum yfir til Svíþjóðar. Kveðst hann hafa haft samband við menn, er stunduðu flutninga þangað. Þegar Einar stakk upp á því, að hann færi með honum til Íslands fyrir Þjóðverja, segist ákærði hafa játað því, enda hafi hann verið orðinn leiður á dvölinni ytra, og heilsa sín hafi verið slæm. Eftir það kveðst hann ekki hafa þorað að draga sig út úr þessu, þar sem Einar hafði sagt honum allt frá þessum fyrirætlunum og vissi um samband hans við þá menn, er stunduðu Svíþjóðarflutninga.

Þeir félagar stunduðu nú nám sitt áfram, Lárus gekk á loftskeyta-skólann eins og áður, en hafði nú laun fyrir frá Þjóðverjum. Einar fór til Berlínar og stundaði nám sitt þar. Þegar kom fram á árið 1944, fóru þeir að búast til Íslandsferðar. Segjast þeir hafa lagt áherzlu á það að fá mótorbát til að fara á. Þeir voru kvaddir til Berlínar til að láta prófa sig. Fór prófið svo, að Lárus þótti ekki hæfur til að fara. Þeir segjast þó hafa lagt svo ríka áherzlu á að fara sem fyrst, að það var eftir þeim látið. Var þeim fenginn greindur mótorbátur í Bergen, og lögðu þeir út frá Moldö í Noregi. Voru þeim fengin senditæki, er lóðuð voru innan í oliubrúsa og olía látin ofan á, svo brúsarnir litu út eins og venjulegir oliubrúsar.

Það var lagt fyrir ákærðu að setja upp veðurathugunarstöðvar, aðra á Norðurlandi, en hina í nágrenni Reykjavíkur, og senda með senditækjunum veðurfregnir til Þýskalands. Einar segir, að gert hafi verið ráð fyrir því, að síðarmeir kynnu þeir að senda fleiri fréttir, og yrði það lagt fyrir þá síðar í gegn um loftskeytastöðvarnar. Lárus segir, að ekki hafi verið nefnt við sig að senda annað en veðurfregnir. Þá var gert ráð fyrir, að Þjóðverjar sendu þeim varahluti með flugvélum, og benti Lárus á Veiðileysufjörð til þess að kasta þessu niður, og var ráð fyrir því gert, að það yrði gert í maimánuði.

Eins og áður segir, fengu ákærðu báðir mánaðarlegar greiðslur til að lifa fyrir frá því, er þeir komust í samband við Þjóðverjana. Áður en þeir fóru, fengu þeir hvor um sig 5000 krónur til þess að út-búa sig fyrir. Einar kveðst hafa haft orð á því, að þeir þyrftu ekki þá peninga, þar sem þeir hefðu bátinn og gætu selt hann, en Þjóðverjarnir vildu láta þá hafa greiðsluna.

Það er samhljóða frásögn ákærðu, að þeir hafi fljótlega komið sér saman um að nota Þjóðverjana til þess að láta sér í té farkost heim, en inna ekki af höndum erindi þau, er Þjóðverjarnir legðu fyrir þá. Segja þeir það hafa verið ætlun sína að gefa sig upp við íslenzk yfirvöld, strax og þeir kæmu til Íslands. Vakti það og fyrir þeim, er þeir komu til Raufarhafnar, enda þótt svo verkaðist, að þeir væru handteknir af setuliðsmönnum. Ákærðu segjast hafa fleygt fyrir borð senditækjunum, er þeir voru komnir á Raufarhöfn. Fyrir þorðu þeir það ekki af ótta við þýzk eftirlitsskip, er kynnu að stöðva þá.

Málavöxtum hefur nú verið lýst eftir frásögn ákærðu, enda ekki um önnur gögn að ræða í málinu. Verður því að leggja hana til grundvallar dómi, enda þykir ekki ástæða til að rengja, að rétt sé frá skýrt í meginatriðum.

Eins og hér að framan hefur verið rakið, hafa ákærðu gengið í þjónustu erlends ríkis, Þýzkalands, til þess að framkvæma njósnir hér á landi. Varðar það við 93. gr. almennra hegningarlaga.

Af frásögn þeirra sjálfra verður það ráðið, að þeir hafi gengið út í þetta án þess að gera sér grein fyrir því, hvað þeir voru að gera eða hvert hlutverk þeim var ætlað og haldið áfram fyrir hræðslu sakir eða þvingunar. Ber að taka tillit til þess við ákvörðun refsingar samkvæmt 74. gr. 6. tl. almennra hegningarlaga. Þá verður og að leggja til grundvallar þá frásögn þeirra, að þeir hafi samþykkt það sín á milli að framkvæma ekki erindi sín, eftir að til Íslands væri komið. Með hliðsjón af þessu þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákærðu voru í haldi brezkra hernaðaryfirvalda frá 17. apríl 1944 og fram til 3. ágúst 1945. Þá voru þeir úrskurðaðir í gæzluvarðhald og sátu í því til 14. s. m. Með tilliti til þessarar löngu frelsisviptingar þykir mega ákveða, að refsivist þeirra falli niður samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga beinlínis og analogice.

Þá ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðast kr. 1200.00.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dráttur sá, sem orðinn er á dómsuppsögn, stafar af önnum við embættið.

#### D ó m s o r ð :

Ákærðu, Einar Björn Sigvaldason og Lárus Sigurvin Þorsteinsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Með tilliti til langvarandi frelsisviptingar þeirra undir rekstri málsins skal refsivist þeirra falla niður.

Ákærðu skulu sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.